

Kaskótrygging ökutækis bætir tjón á hinu váttryggða ökutæki vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Váttryggður er skráður eigandi.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi og auk þess á ferðalagi í Evrópu í allt að 90 daga og í nauðsynlegum flutningi á milli landa, enda sé um árstryggingu að ræða.

2. gr. Hvaða bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika með þeim undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálum þessum. Að auki bætir váttryggingin tjón á ökutækinu:

- Vegna eldsvoða (enda verði eldur laus).
- Af völdum þjófnaðar og tilraunum til þjófnaðar á ökutækinu, eða hlutum þess, enda hafi ökutækið verið læst. Bætur af völdum þjófnaðar greiðast því aðeins að tjónsatburðurinn eigi sér stað á Íslandi. Þjófnað skal kæra til lögreglu strax og hans hefur orðið vart.
- Af völdum óveðurs eða ef vélarhlíf, skottlok eða hurðir fjúka upp.

Félagið greiðir einnig kostnað við björgun eða flutning hins váttryggða ökutækis til næsta viðurkennds viðgerðarverkstæðis verði ökutækið óökufært vegna bótaskylds tjónsatburðar sem gerst hefur á Íslandi.

Þrátt fyrir undanþágukvæði í almennum skilmálum félagsins tekur váttryggingin til tjóna af völdum aur- eða vatnsflóða, skriðufalla, snjóflóða, verkfallsaðgerða eða uppþota.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki:

- Bilun á ökutæki eða búnaði þess, hvort sem hana er að rekja til vélfræðilegra eða rafmagnsfræðilegra orsaka eða efnahvarfa. Váttryggingin tekur þó til bilana, sem sannanlega verða raktar til áreksturs, áaksturs, útafaksturs eða skemmdarverka, enda hafi bilunin komið fram innan sólarhrings frá þeim atburði.
- Skemmdir á strokkum, kæli, rafhlöðum eða öðrum hlutum ökutækisins er stafa af því að kælivatn eða önnur vökvakerfi frjósa eða af öðrum áhrifum veðráttu.
- Skemmdir sem tengjast skorti á eða rangri notkun á smurefnum, kælimiðlum eða eldsneyti eða rangri notkun á rafhleðslubúnaði.
- Skemmdir eða slit á ökutæki eða einstökum hlutum þess sem leiðir af eðlilegri notkun, ryðbruna eða tæringu. Hér undir fellur eðlilegt slit á lakki ökutækis vegna hefðbundins steinkasts af vegi.
- Tjón á eftirvögnum eða tækjum sem hafa verið tengd eða skeytt við ökutækið.
- Tjón sem verða á undirvagni ökutækis og öðrum búnaði þess, sem hlýst af því að ökutækið rekst niður í akstri, ekið er í holu, grjót á vegi eða þegar laust grjót hrekkur upp undir það, við akstur á fjallvegum, slóðum eða utan vega sem og við akstur yfir óbrúaðar ár, vötn eða læki. Með undirvagni er hér átt við allt neðra byrði ökutækis og þann vél- og rafbúnað sem þar er staðsettur, svo sem ása, fjaðrir, höggdeyfa, girskiptingu, drif- eða stýrisbúnað, bremsukerfi, pústkerfi, aflvél eða rafmótor, rafhlöður, kælibúnað, eldsneytisgeyma, hjólbarða og felgur.
- Skemmdir á dekkjum eða felgum sem stafa af hefðbundnum núningi eða sliti í akstri og meðferð ökutækis. Að reka dekk og felgur í hvers kyns götubrúnir, fastar hindranir, nagla eða steina í venjulegum akstri þannig að eingöngu verði af útlitslýti eða sprungið dekk telst hefðbundin núningur eða slit í skilningi þessarar greinar.
- Skemmdir vegna foks lausra jarðefna á ökutækið s.s. sands, ösku, malar eða vikurs.
- Tjón vegna vatnsflóðs inn í ökutækið sem orsakast af akstri yfir t.d. óbrúaðar ár vötn eða læki. Þó bætast tjón sem stafa af óvæntum pollum á bundnu slitlagi..
- Tjón á ræsilykli eða annarri aðgangsstýringu ökutækis svo sem vegna þjófnaðar, skemmda eða glötunar.
- Tjón af völdum gæludýra.
- Skemmdir eða þjófnað á hvers kyns aukabúnaði ökutækisins, s.s. tengivögnum, talstöðvum, farsímum, lausum staðsetningartækjum, hleðslubúnaði, krönum, máluðum auglýsingum og myndum, lausum toppgrindum og hljómtækjum sem ekki er hluti af staðalbúnaði ökutækis nema um annað hafi verið samið sérstaklega og tilgreint greinilega í váttryggingaskírteini.
- Tjón sem verður á ökutækinu í hvers kyns kappakstri, aksturskeppni eða við æfingar fyrir slíkar keppnir.
- Tjón sem verður vegna hefðbundinnar umgengni, svo sem reykinga og neyslu matar og drykkjar í ökutækinu.
- Tjón sem verður vegna flutnings á hvers konar farmi nema að um umferðaróhapp sé að ræða.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur fyrir altjón

- Váttryggingin greiðir bætur fyrir altjón gegn afsali fyrir ökutækið, ef öll þrjú neðangreind skilyrði eru fyrir hendi á tjónsdegi og fram kemur krafa um slíkt frá váttryggðum:
 - Liðnir eru minna en 12 mánuðir frá upphaflegri skráningu ökutækisins.
 - Ökutækinu hefur verið ekið minna en 20 þúsund kílómetra
 - Félagið metur viðgerðarkostnað meira en 45% af raunvirði ökutækisins.

- b. Vátryggingin greiðir einnig bætur fyrir altjón ef ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur að það borgi sig ekki að gera við það eða ef ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu var tilkynnt um atburðinn eða hann kærður til lögreglu.
- c. Þegar greiddar eru bætur fyrir altjón ber félaginu að greiða raunvirði ökutækisins (vátryggingarverðmæti þess). Félagið getur annað hvort greitt raunvirðið gegn afsali fyrir ökutækinu eða mismuninn á raunvirðinu og verðmæti ökutækisins eftir tjón. Félagið hefur rétt til þess að bæta tjónið með því að útvega annað ökutæki sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri, gerð og notkun gegn tilkalli til afsals hins vátryggða úr höndum vátryggingartaka.

Bætur fyrir hlutatjón

- a. Skemmist ökutækið án þess að um altjón sé að ræða greiðir félagið kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er eins og það var síðast fyrir tjónið.
- b. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann.
- c. Vátryggingin bætir ekki lækkun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.
- d. Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

5. gr. Sérákvæði um vátryggingarfjárhæð

Þrátt fyrir þá vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er á vátryggingarskírteini er vátryggingarverðmæti ökutækisins aldrei hærra en raunvirði þess. Með raunverði er átt við þá fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri og ástandi kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu.

6. gr. Varúðarreglur

Vátryggðum svo og þeim sem nota ökutækið er skylt að gæta þess að ökutækið sé í lögmætu ástandi og í fullkomnu lagi. Sérstaklega skal sjá til þess að öryggistæki svo sem dekk og hemlabúnaður sé í lagi. Einnig skal sjá til þess að ökutækið sé laust við slit og viðhald þess fullnægjandi.

Vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ber að gæta þess að hafa gild ökuréttindi við akstur ökutækisins.

Ökumaður skal vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.

Vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ber að gæta þess að hafa ökutækið læst þegar það er ekki í notkun og geyma lykla þess eða annan opnunarbúnað á öruggum stað.

Vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ber að geyma hið vátryggða þannig að ekki sé hætt á að það fjúki í slæmum veðurskilyrðum. Ekki skal nota ökutækið við akstur á svæðum þar sem varað hefur verið við akstri ökutækisins vegna óveðurs eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek. samkvæmt mælingum Veðurstofunnar.

7. gr. Aðgangur að upplýsingum

Hafi tjónsatburður orðið er vátryggðum eða hverjum þeim sem gerir kröfu um bætur í trygginguna skylt að varðveita og veita félaginu aðgang að hljóð- og myndupptökum og hvers kyns rafrænum upplýsingum sem skráð eru í tölvubúnaði ökutækisins eða aukabúnaði þess.

8. gr. Endurgreiðsla iðgjalds við lok vátryggingar eða ef ökutæki er ekki notað

Hafi ökutækið ekki verið í notkun af annarri ástæðu en vegna bótaskylds tjóns úr vátryggingu þessari og skrásetningarkerki þess verið í vörslu hlutaðeigandi yfirvalds í a.m.k. 30 daga samfleytt endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið að frádregnum hluta þess sem er fyrir bruna- og þjófnaðaráhættu. Iðgjald fyrir dráttarvélur, snjóbíla, létt bifhjól, torfærutæki (vélsleða og fjórhjól), fornbíla og húsbíla endurgreiðist þó ekki.

Skilmálar þessir gilda frá 8. mars 2022.